

2010-  
2011

# Hvolsskóli, Rangárþingi eystra

*Sigurlín*

*Sveinbjarnardóttir,*

*Sigurður Magnússon,*

*Helgi Jens Hlíðdal,*

*Gyða Björgvinsdóttir og*

*Steinunn Arnardóttir*

## **SJÁLFSMATSSKÝRSLA**

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta.

## Inngangur

Sjálfsmatshópur Hvolsskóla var skipaður haustið 2010 en í hópnum voru; Sigurlín Sveinbjarnardóttir, Sigurður Magnússon, Helgi Jens Hlíðdal, Gyða Björgvinsdóttir og Steinunn Arnardóttir. Verkefni hópsins voru margvísleg skoðun á skólastarfinu og mat, en í skýrslu þessari er gerð stutt grein fyrir sjálfsmati skólans. Fundir voru haldnir 1. fimmtudag í mánuði.

Eitt fyrsta verkefni hópsins var að uppfæra áætlun um sjálfsmat skólans sem unnið hafði verið árinu áður og nær allt til ársins 2013. Leitast var við að skipuleggja sjálfsmatið á þann hátt að allir þættir skólastarfsins yrðu metnir, annað hvort árlega eða með tveggja til þriggja ára millibili. Sjálfsmatshópurinn samdi spurningalista en Katrín Möller, tölvuumsjónarmaður, aðstoðaði við tæknilega hlið rafrænna kannana.

Samkvæmt aðalnámskrá er mikilvægt að skólastarf sé metið reglulega og m.a. gengið úr skugga um að það uppfylli ramma laga og reglugerða. Einnig er gerð krafa til skólayfirvalda að aðferðir og niðurstöður mats á skólastarfi séu opinberar og öllum aðgengilegar.

Tilgangur mats á skólastarfi er hluti af viðleitni skóla og skólayfirvalda til að skapa frjóar námsaðstæður og hjálpa nemendum og kennurum að ná árangri í starfi sínu. Mikilvægasta gæðaeftirlitið fer fram í skólanum sjálfum því innra mat og úrvinnsla þess er grundvöllur skólaumbóta.

## Sjálfsmatsáætlun skólaársins 2010-2011

### Tímaáætlun sjálfsmats 2010-2013

2010-2011	2011-2012	2012-2013	tími
6.-8. og 10 árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-8. og 10 árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	6.-8. og 10. árgangur Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum	okt.-des.
Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	Mat foreldra í oddatölubekkjum á líðan og viðhorfi barna sinna	okt.-des.
Mat á skólanámskrá skólanefnd og skólaráð	Mat á skólanámskrá skólanefnd og skólaráð	Mat á skólanámskrá skólanefnd og skólaráð	Uppgjörsg dagar Í júní
Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða, fag o.fl.	Könnun meðal foreldra, starfsmanna og fræðsluskrifstofu	Starfsmannakönnun Líðan, starfsaðstaða, fag o.fl.	Jan/okt

2010-2011	2011-2012	2012-2013	tími
Námsmat, staða, aðferðir, fyrirkomulag	Sérkennsla Innra skipulag og nýting	Námsmat, staða, aðferðir, fyrirkomulag	nóv/des
Könnun í 2.-4. árgangi mat kennara og nemenda	Könnun í 2.-3 árgangi mat kennara og nemenda	Könnun í 2.-4. árgangi mat kennara og nemenda	feb/ símat
Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk	des
Skimun líðan nem í 1.-3. bekk	Samstarf við leikskólann Kennarar og nemendur í 1.-2. b.	Skimun líðan nem í 1.-3. bekk	jan
Skipulag náms á unglíngastigi, nem., kenn., for.	Skipulag náms á unglíngastigi, nem., kenn., foreldrar.	Skipulag náms á unglíngastigi, nem., kenn., for.	apr
Eineltiskönnun	Skimun Líðan og einelti í 4.-10. bekk	Eineltiskönnun	maí

Sjálfsmat Hvolsskóla skólaárið 2010-2011 fór að mestu leyti fram eins og áætlun þar um gerði ráð fyrir. Niðurstöður liggja fyrir og verða raktar hér á eftir en þær voru í heildina jákvæðar. Þeir þættir sem betur mega fara eru settir í ferli í skólanum þar sem leitast er við að færa þá til betri vegar. Niðurstöður annarra kannana hafa nú þegar verið notaðar til umbóta s.s. niðurstöður kannana um líðan barna.

Verður hér gerð grein fyrir því helsta varðandi sjálfsmati Hvolsskóla skólaárið 2010-2011:

## **Matstæki, viðmið, niðurstöður og leiðir til úrbóta**

### **1) Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 6., 8., og 10. bekkur**

Könnunin var lögð fyrir í desember 2010. Þátttakendur voru nánast allir nemendur í 6. bekk eða 99%, fáir í 8. bekk og um 60% í 10. bekk. Helsta ástæða slakrar svörunar á unglíngastigi var sennilega sú að nemendur fengu frjálssar hendur um að svara spurningalistanum eða sleppa því.

**Matstæki:** Rafrænn spurningalisti með 15 spurningum unninn af sjálfsmatshópi.

**Viðmið:** Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta:** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar og leiðir til úrbóta. Forgangsraða varð efnisþáttum svo umbótastarfið yrði markvissara.

#### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- 81% nemenda segjast frekar sjaldan eða aldrei verða fyrir stríðni í skólanum. Þótt það sé yfir viðmiði telur sjálfsmatshópur þetta ekki ásættanlegt og þarf með öllum ráðum að bæta. Athygli vekur að aðeins 11,9% nemenda segjast taka þátt í að stríða félögum sínum.
- 82,8 % nemenda segjast næstum alltaf eða frekar oft standa sig vel í skólanum.
- 84,7 % nemenda segjast næstum alltaf eða frekar oft eiga vini í skólanum.
- 81,3 % nemenda segjast næstum alltaf eða frekar oft líða vel í matsal.

#### *Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta*

- Mér líður vel í skólanum; 79,7 % nemenda segjast næstum alltaf eða frekar oft líða vel í skólanum. En það er rétt aðeins undir viðmiðum Hvolsskóla (80%).  
Nú hefur Hvolsskóli hafið þróunarferli samkvæmt stefnu Uppeldis til ábyrgðar. Þar er unnið mikið með jákvæð samskipti og því höfum við nú aðferðir og tæki til að vinna betur að bættri líðan allra í skólanum.
- 42,3% nemenda segjast frekar sjaldan eða aldrei geta leitað til starfsmanna ef eitthvað er að.  
Umsjónarkennarar þurfa að gefa meira færi á sér t.d. í skólastofunni í lok skóladags, finna leiðir til þess. Koma fyrirkomulagi á framfæri við nemendur, minna stöðugt á. Kennarar gætu rætt við nemendur og kynnt á markvissan hátt leiðir í þessum efni. Stjórnendur, stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar verða að taka betur á málum nemenda auk gæslufólks í frímínútum.
- 36,2% nemenda segjast frekar sjaldan eða aldrei fá hrós ef þeir standi sig vel í skólanum.  
Þetta þarf að vinna á marvissan hátt. Allir verða að taka sig á í þessum efnunum, alltaf er hægt að finna eitthvað hrósvort hjá öllum. Sumir eiga erfitt með að taka hrósi.
- 69,5% nemenda segja að það sé frekar sjaldan eða aldrei góður vinnufriður í kennslustundum.  
Það er langt undir ásættanlegum viðmiðum og verður að gera mikið átak í þeim efnunum. Í Hvolsskóla eru 8 nemendur að meðaltali á hvert stöðugildi

kennara, auk mikillar mönnunar stuðningsfulltrúar og þroskajálfa miðað við meðaltöl skóla á Íslandi. Þetta er hægt með góðum vilja.

## 2) Mat nemenda á aðbúnaði og líðan í skólanum. 2. og 4. bekkur

**Matstæki:** Einföld broskarlakönnun lögð fyrir í febrúar 2011. 44 nemendur af 49 svöruðu, 21 drengur og 23 stúlkur.

**Viðmið:** Að sem flestum líði vel í skólanum. Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta.** Niðurstöður sýndu að flestum líður vel eða nokkuð vel í skólanum. Umsjónarkennurum kynntar niðurstöður og þeir nota þær síðan til umræðna í umsjónarstundum um líðan við hverskonar aðstæður.

„Uppeldi til ábyrgðar“ skapar góðan grundvöll fyrir þessa umræðu.

### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- 86.4% nemenda segja að þeim finnst gaman í skólanum. Hlutfallslega eru fleiri í 2. bekk en 4. bekk sem lýsa ánægju sinni með skólann.
- 91 % nemenda segjast líða vel eða ágætlega þegar þeir fara í skólann.
- 95.5 % nemenda segjast eiga vini í skólanum.
- 88.6% nemenda segja að það sé vinnufriður í bekknum, mun fleiri en á eldri stigum.
- 84 % nemenda segjast líða vel í matsalnum.

### *Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta*

- 54.5% nemenda segjast stundum verða fyrir stríðni í skólanum. Þetta er ekki ásættanlegt og þarf að bæta. Athygli vekur að aðeins 15,9% nemenda segjast taka þátt í að stríða félögum sínum.
- Skoðað er sérstaklega að ein stúlka og einn drengur segja að þeim líði illa í skólabílnum. Þetta var nafnlaus könnun og fjallað er um þetta á almennum nótum.
- Tvær stúlkur segja að þeim líði illa í Skólaskjólínu. Unnið er með það á sama hátt.

## 3) Mat foreldra í 1., 3., 5., 7. og 9. bekk á líðan barna sinna

Könnun var lögð fyrir foreldra á foreldradegi í skólanum 12. janúar 2011. Svörun var tæp 50% af foreldrum eða forráðamönnum. Fólk var fyrir foreldraviðtölin beðið um að áætla 3-5 mínútur til að svara spurningum í tölvu á svæðinu. Svörun er of lítil til að vera tölfræðilega marktæk en vissulega gefa niðurstöður góðar vísbendingar um álit foreldra.

**Matstæki:** Rafrænn spurningalisti sem sjálfsmatshópur samdi.

**Viðmið:** Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar, þó ekki spurningar er varða stríðni eða einelti sem er ekki liðin í Hvolsskóla.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta.** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar og leiðir til úrbóta. Forgangsráða varð efnisþáttum svo umbótastarfið yrði markvissara.

### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- 93.3% foreldra segja að barninu líði næstum alltaf eða venjulega vel í skólanum.
- 98.15% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að skólinn hvetji barn þeirra til að ná góðum námsárangri.
- 80% foreldra telja að það sé næstum alltaf eða venjulega góður vinnufriður í bekknum.
- Allir foreldrar svara því að þeim finnst þeir alltaf eða venjulega vera velkomnir í skólann.
- 99% foreldra eru sammála eða frekar sammála því að kennarar barnsins leggi metnað sinn í að kennslan sé góð.
- Allir foreldrar eru sammála eða frekar sammála um að þeir treysti starfsmönnum skólans.
- 97.5% foreldra er sammála eða frekar sammála því að skólinn njóti virðingar í samfélaginu.
- 97% foreldrar telja að duglegir og afkastamiklir nemendur fái hvatningu í samræmi við það.

### *Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta*

- Um 20% foreldra segja barn sitt verða fyrir einelti í skólanum.  
M.a. þarf að fræða foreldra betur um einelti, taka upp bekkjarfundi með foreldrum. Einnig að efla gæslu utan dyra. Fenginn var fyrirlesari í apríl-mánuði 2011 og vinnan eflað í eineltisvörnum.
- 77% foreldra telja að skólinn taki af festu á aga og eineltismálum. Það er ekki nóg. Auka þarf upplýsingaflæði til foreldra þegar unnið er í eineltismálum, herða eftirfylgni og utanumhald þegar unnið hefur verið í eineltismálum. Hafa tengslakannanir oft og kynna niðurstöður. Vonir bundnar við nýja uppeldisstefnu sem innleidd hefur verið í Hvolsskóla, Uppeldi til ábyrgðar.

#### **4) Starfsmannakönnun, líðan, starfsaðstaða, samstarf ofl.**

**Matstæki:** Spurningalisti lagður fyrir á starfsmannafundi.

**Viðmið:** Ásættanlegt að yfir 80% niðurstaðna séu jákvæðar.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta:** Fyrri hluti niðurstaðna sýnir jákvæðar niðurstöður en seinni hlutinn neikvæðar og leiðir til úrbóta. Könnunin var lögð fyrir 3. janúar 2011. Þátt tóku 50 af 53 starfsmönnum.

### *Dæmi um jákvæðar niðurstöður*

- 86 % starfsmanna segja að starfsandinn í skólanum sé góður.
- 90 % starfsmanna eru ánægðir með vinnuaðstöðu sína í skólanum.
- Allir starfsmenn sögðust eiga gott samstarf við skólastjóra, deildarstjóra, húsvörð og ritara.
- 98 % starfsmanna sögðust eiga gott samstarf við nánustu vinnufélaga.

- 92% starfsmanna eru ánægð með starfsmannafélag Hvolsskóla.

*Dæmi um neikvæðar niðurstöður og tillögur að leiðum til úrbóta*

- 24% starfsmanna telja vinnuálagið í skólanum of mikið.  
Mikil forföll bitna á þeim sem eru í vinnunni, þarf að huga betur að afleysingum. Eins er öll heilsuefning í skólanum af hinu góða. Mönnun í Hvolsskóla er töluvert meiri en tíðkast í öðrum skólum svo um er að ræða bætt skipulag.
- 78% starfsmanna eru ánægðir með þær breytingar sem gerðar voru á stígunum haustið 2010.  
Það er rétt aðeins undir viðmiði skólans um 80% jákvæð svör og þarf að skoðast vel. Vinna þarf að bættu skipulagi, einkum á yngsta og elsta stigi. Einnig þarf að skoða sérkennsluna sérstaklega.
- 58% starfsmanna segjast vera ánægðir með mötuneyti skólans en 80% eru ánægðir með morgunkaffið.  
Stöðugt þarf að ræða matseðla í mötuneytinu og huga að fjölbreytni og hollustu.

#### 5) Samræmd könnunarpróf

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í september eins og í öðrum grunnskólum á landinu. Prófað var í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk en íslensku, stærðfræði og ensku í 10. bekk.

**Matstæki:** Próf send frá Námsmatsstofnun.

**Viðmið:** Að árangur nemenda Hvolsskóla sé yfir meðaltali á Suðurlandi og nái helst meðaltali fyrir landið allt í öllum greinum.

**Niðurstöður og leiðir til úrbóta:** Mest er unnið með niðurstöður einstaklingslega og er skipulag kennslu í skólanum í fámennari hópum og með mikla mönnun vel til þess fallið að sinna því. Hér á eftir verða sýnd meðaltöl normaldreifðra einkunna á Suðurlandi og meðaltöl Hvolsskóla í þessum greinum en landsmeðaltalið er alltaf 30.

**4. bekkur;** Landsmeðaltal er 30

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 29,8 og í stærðfræði 29,5.

- Meðaltal í Hvolsskóla var; í íslensku 29,3 og í stærðfræði 26,4. Unnið er vel með þessar niðurstöður enda eru þær fyrir neðan þau viðmið sem við höfum sett okkur.

**7. bekkur;** Landsmeðaltal er 30

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 29,9 og í stærðfræði 29,1.

- Meðaltal í Hvolsskóla var; í íslensku 26,6 og í stærðfræði 24,4.

Þetta er ekki ásættanlegur árangur miðað við viðmið Hvolsskóla, einkum í stærðfræði. Rifja þarf upp og vinna mikið út frá einstökum þáttum prófanna.

**10. bekkur;** Landsmeðaltal er 30

Suðurlandsmeðaltal í íslensku var 27,8, í stærðfræði 28,3 og í ensku 27,2.

- ➔ Meðaltal í Hvolsskóla var í íslensku 31,5.
- ➔ Meðaltal í Hvolsskóla var í stærðfræði 32,7.
- ➔ Meðaltal í Hvolsskóla var í ensku 30,1.

Þessar niðurstöður eru glæsilegar, langt yfir Suðurlandsmeðaltali og líka vel yfir landsmeðaltali. Nemendum okkar ætti að vegna vel í framhaldsskólum með þetta veganesti.

- 6) **Uppgjörsg dagar að vori;** Unnið er í hópum að úttekt á starfi vetrarins, niðurstöður skráðar og kynnar fyrir öllum starfsmönnum. Fulltrúar úr skólaráði taka þátt. Stjórnendur skólans taka mikið mark á þessum niðurstöðum og reyna að skipuleggja skólastarfið sem allra mest eftir þeim ábendingum sem fram koma.

7) **Hljóðskimun í 4. bekk, lesskimun í 2. bekk.**

Unnið er með einstaka nemendur út frá niðurstöðum en ekki birt tölfræði.

## Að lokum

Skýrsluhöfundar telja að hér sé sett fram nokkuð greinargóð lýsing á sjálfsmati Hvolsskóla síðastliðið skólaár en ýmislegt fleira var metið þótt þess sé ekki getið í þessari stuttu samantekt. Skýrslan mun kynnt fyrir fræðslunefnd og skólaráði. Hún tekur til flest allra þátta skólastarfsins en samkvæmt langtíma sjálfsmatsáætlun, sem stöðugt er endurskoðuð og bætt, eru allir þættir metnir á eins til þriggja ára fresti og er matið kerfisbundið og samofið öllu skólastarfi. Matið byggir á upplýsingum sem eru fengnar hjá öllum þeim sem að skólastarfinu koma og er sett í farveg sem leiðir til umbóta í skólastarfinu á núverandi skólaári. Skýrslan verður sett á heimasíðu skólans en grunnöggn sem hún byggir á eru í vörslu skólastjóra.

Hvolsvelli í október 2011

Fh. Sjálfsmatshóps Hvolsskóla

Sigurlín Sveinbjarnardóttir